VÍSIR
DAGBLAÐ
Útgefandi:
BLAÐAÚTGÁFAN
VÍSIR H.F.
Ritstj.: Páll Steingrímsson.
Skrifstofa og afgr. } Austurstræti 12.
Símar:
Afgreiðsla 3400
Ritstjórn 4578
Auglýsingastjóri 2834
Prentsmiðjan 4578
Verð 2 kr. á mánuði.
Lausasala 10 aurar.
Félagsprentsmiðjan.

# „Fjörbrot“

Tímaliðið hefir hrópað hátt um það síðustu dagana, að Sjálfstæðisflokkurinn væri í fjörbrotunum og barátta stjórnarandstæðinga gegn sósíalistum og bandamönnum þeirra væri vonlaust dauðastríð. En bak við þessi stóryrði gægist hræðslan fram — hræðslan við að „fjörbrotin“ kunni að verða svo sterk, að þau megni að varpa um koll öllum draumum hins rauða bitlingaliðs um áframhaldandi aðstöðu til að njóta valdanna.

Framsóknarmenn hafa hin síðustu ár lifað á ranglæti kosningalöggjafarinnar. Það er vitað að þessi flokkur spyrnti af alefli á móti því að réttlæti fengist í kosningafyrirkomulagi landsins. Og árangur þeirrar baráttu varð sá, að þessi flokkur fékk við síðustu kosningar um þriðjungi fleiri þingmenn en hann átti að fá með réttu. Þessi „kosningasvindill“ hefir valdið því að flokkurinn fékk aðstöðu til að grípa stjórnartaumana í sínar hendur með hjálp sósíalista. En nú taka Framsóknarmenn alt í einu til þess bragðs að látast vera formælendur réttlætis í skipun Alþingis.

Dagblað Tímamanna lét svo um mælt í gær, að stjórnarandstæðingar hygðust að ganga til kosninga á þann hátt að það væri „kosningasvindill“ og „stjórnarskrárbrot“! Það þarf meira en litla hræsni til að bera slíkt fram af mönnum, sem beinlínis hafa lifað á því að „svindla“ í kosningunum til Alþingis og fengið á þann hátt þriðjungi fleiri þingmenn en þeim bar. Og alt skipulagið er merkt þeirra eigin merki, því það var fyrst og fremst sök framsóknarmanna að ekki fékst meira réttlæti í kosningafyrirkomulaginu en nú er.

Framsóknarmenn sjá fram á það, að öll þau öfl í þessu landi, sem andstæð eru sósíalismanum muni nú sameinast til harðvítugrar baráttu gegn stjórnarflokkunum. Það eru þessi „fjörbrot“, sem framsóknarmenn hræðast, og þeir óttast nú, sem vonlegt er, að kosningasvikamyllan, sem þeir bjuggu til í öndverðu utan um sinn eigin flokk, muni bila.

Framsóknarmenn hræðast að fylgi þeirra haldi áfram að hraka við þessar kosningar eins og hinar síðustu. Þessi flokkur hefir rýrnað og minkað á sama tíma sem flokkur sósíalista hefir fitnað og stækkað. Þessar „mögru kýr“ í íslenskum stjórnmálum óttast það, að góðu árin séu nú liðin og að ekki dugi nú einu sinni „kosningasvindill“ til að bjarga völdunum.

Stjórnarandstæðingar leggja nú út í baráttuna við óréttlætið í kosningafyrirkomulaginu og kosninga-svikamylnur rauðu flokkanna og það eru þessi „fjörbrot“, sem Framsóknarmenn hræðast.

Kosningarnar, sem nú fara í hönd ættu ekki aðeins að verða fjörbrot þess ástands, sem veitt hefir Tímaliðinu valdaaðstöðu á þingi, heldur einnig fjörbrot allrar þeirrar spillingar sem hin rauða stjórn hefir leitt yfir landið.

Sjálfstæðismenn ganga til kosninga í fullu trausti á dómgreind landsmanna og flokkurinn mun vinna kosningarnar þrátt fyrir „kosningasvindil“ þeirra, sem fengið hafa þriðjungi fleiri þingsæti en þeir eiga með réttu, ef hver flokksmaður aðeins gerir skyldu sína.

ERLEND VÍÐSJÁ:

## Mr. Baldwin.

Allar tilraunir til þess að fá Mr. Baldwin til þess að taka sess í stjórninni, eftir að hafa sagt af sér forsetaráðherraembættinu, hafa reynst árangurslausar. Í skilnaðarræðu til kjósenda sinna, sem hann hélt á laugardag, mintist hann á hina þungu byrði, sem embætti hans legði á herðar sér. Við nánustu vini sína hefir hann sagt, að hann óskaði eftir að fá langa hvíld frá embættisskyldum. Hann lét þá einnig vita, að hann mundi altaf reiðubúinn að láta stjórninni í té aðstoð sína, ef hún þyrfti á að halda. Eftir burtför sína mun Mr. Baldwin eiga sæti í lávarðadeildinni, án þess að taka við lávarðstign og halda við ýms tækifæri ræður sem talsmaður stjórnarinnar. Burtför hans úr stjórninni mun fara fram 27. maí, eða tveim dögum eftir að þau hjónin, Mr. og Mrs. Baldwin, hafa haldið konungi og drotningu miðdegisverð í Downing Street 10, sem er bústaður forsætisráðherra Englendinga.

Tuttugu og fjórum stundum eftir burtför Mr. Baldwin mun Mr. Chamberlain leggja fram fyrir konung skrá yfir ráðherra sína. Sir John Simon mun, eins og áður hefir verið getið, verða eftirmaður Chamberlains í fjármálaráðherraembættinu.

Það er gert ráð fyrir að Colonel Colville, íhaldsmaður, sem hefir verið fulltrúi í fjármálaráðuneytinu, verði gerður að atvinnumálaráðherra. Mr. Runciman mundi þá verða settur í eitthvert annað ráðherraembætti, þar sem reynsla hans og þekking gæti notið sín. Mr. Ramsey MacDonald, sem einnig fer úr stjórninni á sama tíma og Mr. Baldwin, mun ekki taka við lávarðstign, en er líklegur til að verða þingmaður áfram fyrir hina skotsku háskóla á núverandi kjörtímabili.

## Forsætisráðherrann og ríkisstjórnarafmæli konungs.

26. april. FÚ.

Ýms blöð í Kaupmannahöfn geta þess í dag að Hermann Jónasson forsætisráðherra Íslands hafi beðist undan því að mæta við hátíðahöldin í tilefni af 25 ára ríkisstjórnarafmæli Kristjáns konungs X. og sé orsökin sú, að kosningar standi fyrir dyrum á Íslandi og geti forsætisráðherra því ekki komist að heiman á þeim tíma.

# Durangoborg umkringd og öll í rústum.

## Lík kvenna og barna í þúsundatali í rústunum

EINKASKEYTI TIL VÍSIS.

London í morgun.

**Samkvæmt opinberri tilkynningu, sem birt var í útvarpinu í Salamanca í gærkveldi, hafa hersveitir Mola hershöfðingja nú umkringt Durango.**

Marquina, Ecpevarria og fjölda mörg önnur smáþorp voru tekin herskildi af uppreistarmönnum á Baskavígstöðvunum í orustum þeim sem háðar voru í gær.

Uppreistarmenn sóttu fram tíu enskar mílur og hafa alls sótt fram 15 enskar mílur á undanförnum fjórum dögum. Alls hafa þeir síðan er sóknin hófst tekið 20 þorp herskildi, en Durango er nú umkringd sem fyrr segir, og mun að mestu í rústum eftir hinar grimmilegu loftárásir uppreistarmanna og fallbyssuskothríð.

## Hin helga borg Baska eyðilögð.

**Frá Gijon er símað, að í hinni helgu borg Baska Guernica sé að eins fimm hús uppistandandi eftir hina stórkostlegu loftárás, sem uppreistarmenn gerðu á borgina á mánudag, en þá vörpuðu þeir niður feikna mörgum íkveikjusprengjum, uns borgin stóð að kalla öll í ljósum logum. Nefnd, sem Baskastjórnin sendi þangað hefir tilkynt, að í rústum húsa í Guernica, Durango og Elgueta hafi fundist lík kvenna og barna í þúsundatali.**
**United Press.**

ÓGNIRNAR Í DURANGO.

London í gær. FÚ.

Uppreistarmenn hafa að heita má gereyðilagt borgina Durango í Baskahéraði. Fréttaritari Reuters segir, að mörg hundruð konur og börn hafi hlotið að bíða bana í árásum þeim er uppreistarmenn hafi gert á borgina undanfarna daga, því að borgin sé bókstafalega gegnum skotin af vélbyssukúlum.

BASKAR SEMJA EKKI VIÐ UPPREISTARMENN.

Baskastjórnin og sendiherra Argentínu í Hendaye hafa borið á móti því, að Baskar væru að gera ráðstafanir til þess að gefast upp fyrir uppreistarmönnum. Segir Baskastjórnin, að líkindin til þess, að hún semji við uppreistarmenn séu nú enn minni en nokkru sinni áður eftir þá meðferð, sem íbúar Durango hafa sætt af höndum þeirra.

FLUTNINGSSKIP STÖÐVAÐ.

Skip, sem siglt hafði frá Valencia, áleiðis til Antwerpen með aldinafarm var í gær stöðvað af einu beitiskipi uppreistarmanna skamt vestan við Gibraltar og því skipað að snúa við til Gibraltar. Skipstjórinn hlýddi því. Í morgun fengu eigendur skipsins skeyti þess efnis að það hefði lagt af stað frá Gibraltar í morgun og að herskipið „London“ væri í fylgd með því. FÚ.

FUNDUR HLUTLEYSISNEFNDARINNAR.

London í gær.

Hlutleysisnefndin mun koma saman á fund í London á morgun. Mun verða rætt um það, hvort unt sé að færa hlutleysissamninginn út til landa utan Evrópu. Ennfremur verður rætt um það, hvort gera skuli breytingar á ákvæðum um gæslustarfsemina, að því er að spönskum skipum lýtur. FÚ.

KANARIS FER Á KREIK.

Oslo, 27. apríl.

Frá Valencia er símað til Reuterfréttastofunnar, að beitiskip uppreistarmanna, Canaris og Delaveres hafi í gær hafið skothríð á nokkra af tundurspillum stjórnarinnar, en þeir höfðu verið sendir suður á bóginn til þess að skjóta á borgir, sem uppreistarmenn hafa á sínu valdi. Tundurspillarnir hófu gagnárás á beitiskipin, sem þá hurfu á brott, án þess að gera tilraun til þess að halda áfram bardaganum. (NRP — FB.)

## För Sandlers utanríkisráðherra Svía.

### Heimsókn til Berlín, Varsjá og Moskva.

Oslo í gær.

Það er nú ákveðið að Sandler utanríkismálaráðherra Svía leggi bráðlega af stað í ferðalag til Berlínar, Varsjá og Moskva og eigi tal við stjórnmálaleiðtoga í þessum löndum. Er ákveðið að hann ræði við þá um viðskiftamál og skýri stefnu Svíþjóðar í utanríkismálum. Dagbladet í Stockhólmi skýrir frá því í dag, að Sandler muni eiga tal við utanríkismálaráðherra Þjóðverja og muni í viðræðum sínum við hann leggja áherslu á hina ströngu hlutleysisstefnu sænsku stjórnarinnar. Socialdemokraten í Stokkhólmi skýrir á sama hátt frá og segir að öll utanríkismálastefna Svía beinist að því að varðveita hið strangasta hlutleysi gegn öðrum þjóðum og varðveita og styðja lýðræðisstjórnarskipulagið. FÚ.

Krýningin í London.

Oslo, 27. apríl.

Ólafur konungsefni og Martha krónprinsessa leggja af stað til London 8. maí, til þess að vera viðstödd krýningu Georgs VI. og Elisabethar drotningar, og ráðgera að dvelja þar hálfan mánuð. (NRP — FB.)

Á Baska-vígstöðvunum.



## Geðveikirannsóknir dr. Helga Tómassonar.

### Rochefeller-stofnunin ameríska veitir framhaldsstyrk til rannsóknanna.

Eins og áður hefir verið getið hér í blaðinu hefir dr. Helgi Tómasson með höndum sérstakar geðveikirannsóknir hér á landi og hefir Rockefellerstofnunin ameríska veitt styrk til þessara rannsókna, sem þegar hafa vakið afarmikla athygli hinna merkustu erlendra geðveikisérfræðinga. Rannsóknir þessar hafa mikil útgjöld í för með sér. Hefir Rockefellerstofninin nú tilkynt dr. Helga Tómássyni, að stofnunin hafi ákveðið að veita honum 13.000 kr. framhaldsstyrk til þess að standast straum af kostnaðinum við rannsóknirnar.

Er dr. Helga Tómassyni með þessu enn sýnd viðurkenning og virðing af heimskunnri stofnun.

## Málarasveinar aflétta verkfallinu.

Málarasveinar hafa samþykt að aflétta verkfallinu og byrja þeir vinnu í dag. Eins og getið var í blaðinu í gær töldu meistarar, að verkfallið væri ólöglegt og neituðu að ræða kröfur sveinanna nema verkfallinu væri aflýst. Hafa sveinarnir séð við nánari athugun, að þetta hefði við rök að styðjast. Samningaumleitanir verða nú teknar upp og semja af hálfu meistara Helgi Guðmundsson, Lúðvík Einarsson og Guðbergur Jóhannsson en af hálfu sveina Gunnar Leo Þorsteinsson, Emil Sigurjónsson og Ásbjörn Ólafsson.

## Jón Kristjánsson

### læknir.

Hann andaðist í sjúkrahúsinu í Landakoti 17. þ.m., eins og getið hefir verið um hér í blaðinu. Hafði hann þá dvalist í sjúkrahúsinu frá því í janúarmánuði, meira og minna lasburða, en haft þó ferilvist annað veifið. Gerði hann sér vonir um, að komast heim til sín um miðjan mánuðinn, en það fór á annan veg. Honum þyngdi snögglega og lá eftir það þungt haldinn, uns yfir lauk.

Jón Kristjánsson var fæddur 14. júní 1881 og skorti því tvo mánuði á 56 ár full, er hann andaðist. — Foreldrar hans voru þau Kristján hreppstjóri Jónsson í Víðidalstungu og kona hans Gróa Ólafsdóttir frá Sveinsstöðum í Húnaþingi, systir Jóns bónda Ólafssonar, er þar bjó lengi og kunnur maður var á sinni tíð. — Kristján hreppstjóri, faðir Jóns læknis, var sonur sira Jóns Kristjánssonar, síðast prests að Breiðabólsstað í Vesturhópi (d. 1887) og konu hans Guðnýjar Sigurðardóttur bónda að Grímsstöðum við Mývatn, Jónssonar. Sira Jón var albróðir þeirra mætu manna Kristjáns amtmanns (d. 1882) og sira Benedikts prófasts í Múla (d. 1903).

Jón Kristjánsson settist í annan bekk latínuskólans 1899 og lauk stúdentsprófi vorið 1904. — Gekk því næst í læknaskólann og hóf þar nám. Fór utan, áður en hann lyki læknisprófi, og lagði stund á nuddlækningar og sjúkraleikfimi og lauk prófi í þeim greinum. Kom því næst heim og lauk nokkuru síðar embættisprófi í læknisfræði, stofnsetti nuddlækningastofu og rak hana æ síðan.

Jón Kristjánsson var gleðimaður að eðlisfari og fylgdi honum ávalt glaðværð og kátína, hvar sem hann fór. — Jafnvel síðustu dægrin, áður en honum þyngdi svo, að til úrslita dró, hafði hann gamanyrði á vörum og skemti sér hið besta

# Hin óloknu störf Alþingis.

—o—

## Það, sem hlaupið var frá er Alþingi var rofið.

Áður hefir verið skýrt frá því, hve mörg lagafrumvörp voru samþykt á síðasta þingi, áður en það var rofið. Þau voru 40 talsins, en flest nauða ómerkileg.

En „óútrædd“ urðu 81 lagafrumvörp, og mörg þeirra hin mestu nauðsynjamál. Hér verrður nú getið nokkurra hinna merkustu mála, er sjálfstæðismenn báru fram á þinginu, en voru látin daga uppi.

**Viðreisn sjávarútvegsins.**

Áður en sósialistar báru fram frumvörp þau, sem þeir kendu við „viðreisn sjávarútvegsins“, höfðu sjálfstæðismenn flutt á þinginu nokkur frumvörp, er lutu að því að greiða fyrir vexti og viðgangi þessa mikilvægasta atvinnureksturs landsmanna. Og í þessum frumvörpum sjálfstæðismanna fólust í rauninni öll þau úrræði, til viðreisnar sjávarútveginum, sem sósialistar síðar „fundu upp“, eða öllu heldur hnupluðu og „skipulögðu“ síðan í frumvörpum „eftir rússneskri fyrirmynd“.

Þessi frumvörp sjálfstæðismanna voru:

1. Frumvarp um fiskiveiðasjóð Íslands. Samkvæmt því skyldi auka stofnfé fiskiveiðasjóðs upp í 12 milj. króna, ekki með erlendum lánum, sem nú eru ófáanleg, og skuldbinding hefir verið gefin um, af ríkisstjórn sósialista og framsóknarmanna, að leita ekki eftir, heldur með innlendum framlögum, aðallega frá sjávarútveginum sjálfum. En tilgangur sjóðsins skyldi vera „að styðja sjávarútveginn með hagkvæmum stofnlánum“, gegn fyrsta veðrétti í skipum, smáum og stórum, sem ætluð eru til fiskveiða og gegn fyrsta veðrétti í frystihúsum, lifrarbræðslustöðvum, fiskimjölsverksmiðjum og öðrum iðjufyrirtækjum, sem vinna að hagnýtingu fiskiafurða.

2. Frv. um rekstrarlánafélög, er stofna skyldi í þeim tilgangi að sjá fyrst og fremst vélbátaútvegi landsmanna fyrir rekstrarlánum.

3. Frv. um byggingu húsa til að hraðfrysta fisk, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til hraðfrystihúsabygginga, alt að ¾ af kostnaðarverði, og um styrk úr ríkissjóði til slíkra bygginga, alt að ¼ kostnaðarverðs.

4. Frv. um afnám útflutningsgjalds af sjávarafurðum.

Þess má geta að sósialistar þóttust í orði kveðnu ekki ófúsir að styðja að framgangi frv. um frystihúsabyggingar, en flæktust þó fyrir málinu og töfðu það uns það „dagaði uppi“ og báru því við, að í frv. þeirra um „ýmsar ráðstafanir til viðreisnar sjávarútveginum“, væri betur séð fyrir þörfum sjávarútvegsins í þessu efni! Og með svipuðum hætti, eða togstreitu um fyrirkomulagsatriði („rússnesku fyrirmyndina“) tókst þeim að koma í veg fyrir það, að nokkurar ráðstafanir yrðu gerðar á þessu þingi sjávarútveginum til hjálpar.

**Önnur nauðsynjamál sem sjálfstæðismenn beittu sér fyrir, en dagaði uppi vegna mótþróa stjórnarflokkanna.**

Mörg önnur nauðsynjamál báru sjálfstæðismenn fram á þinginu, en hér verður að láta það nægja, að drepa aðeins á nokkur þeirra. Og ber þá fyrst að geta:

**Frv. um vinnudeilur,** sem fyrst var borið fram á Alþingi 1936, og framsóknarmenn þá létu í veðri vaka, að þeir mundu vilja veita brautargengi þegar þeim þætti tími til kominn! Sá tími reyndist að vera ókominn enn. Og að eins til málamynda, til þess að slá ryki í augu kjósenda, og þegar sýnt var að kosningar voru fyrir dyrum, létu þeir Gísla Guðmundsson bera fram hálfkaraðar tillögur því máli til úrlausnar. En með því hyggjast þeir að hrinda af sér því ámæli að þeir þori ekkert að aðhafast í því máli gegn vilja sósialista.

**Frv. um byggingarsjóð sveitanna** var borið fram af bændaþingmönnum sjálfstæðisflokksins. Í því felast hinar merkilegustu tillögur um lausn einhvers mesta vandamáls landbúnaðarins: byggingarmálsins. En í stað þess að greiða fyrir framgangi þess, lögðust bændavinirnir í framsóknarflokknum algerlega á móti því, og komu því svo fyrir, að það yrði óútrætt, en samþyktu í þess stað nauða ómerkilegar og gersamlega fánýtar tillögur um eflingu byggingar- og landnámssjóðs.

**Frv. um heimild handa Rafmagnsveitu Reykjavíkur til innflutnings og sölu á rafmagnstækjum** var borið fram af Reykjavíkurþingmönnum sjálfstæðisflokksins, í þeim tilgangi að Reykvíkingum gæfist kostur á, þegar Sogsvirkjunin tekur til starfa, að afla sér þessara tækja við vægara verði, en þeir annars gætu, eða án allrar verslunarálagningar í stað 40% álagningar Raftækjaeinkasölu ríkisins. Þessu máli vildu Reykjavíkurþingmenn sósialista engan stuðning veita, þrátt fyrir yfirlýsingar flokksmanna sinna í bæjarstjórn, er um þetta var rætt í vetur í sambandi við fjárhagsáætlun bæjarins.

**Frv. um breyting á lögum um verkamannabústaði** var einnig borið fram af Reykjavíkurþingmönnum sjálfstæðisflokksins. En tilgangur þess frumvarps er sá, að vinna að því, að fríðindi þau, er lög þessi veita, komi að almennari notum en nú, og jafnframt að notaðir verði betur en gert er þeir möguleikar til fjáröflunar til húsabygginga fyrir almenning, sem lögin veita aðgang að, með stuðningi ríkis og bæjar, og með þeim hætti að stuðla að auknum byggingum í bænum. En þrátt fyrir gaspur sitt um byggingaþörfina, komu sósíalistar í veg fyrir það, að þetta frv. kæmi til umræðu í þinginu, hvað þá meira.

Ýmis fleiri nytjamál sem þingið var látið hlaupa frá, mætti telja upp. En þetta nægir til að sýna það, hversu miklu merkilegri þau störf voru, sem þingið átti óunnin, þegar það var rofið, en hin, sem lokið var við, og hversu fánýtt alt starf þingsins var, í samanburði við þau verkefni, sem það hefði þurft að leysa af hendi.

---

við fornar minningar. — Sagði hann vel frá og skemtilega og var minnugur á kátlega hluti. Hann var listelskur maður og neytti þeirrar gáfu nokkuð á stúdentsárum sínum. — Tryggur var hann og vinfastur og trauðla mun komið hafa til flaumslita með honum og fornum vinum. —

J. Kr. var kvæntur Emilíu Sighvatsdóttur, bankastjóra Bjarnasonar.— Lifir hún mann sinn, ásama fimm börnum þeirra.

---

## Framboð í Norður - Ísafjarðarsýslu.

Ákveðið er að

Sigurjón Jónsson

bankastjóri á Ísafirði verði frambjóðandi af hálfu sjálfstæðismanna í Norður-Ísafjarðarsýslu.

---

**Útvarpið í kveld:**

19.10 Veðurfr. 19.20 Hljómplötur: Létt lög. 19.30 Þingfréttir. 20.00 Fréttir. 20.30 Erindi um Borgfirsku fjársýkina (Páll Zophoniasson ráðunautur). 20.55 Trió Tónlistarskólans leikur. 21.25 Hljómplötur: Endurtekin lög (til kl. 22.30).

**Næturlæknir**

er í nótt Sveinn Pétursson, Eiríksgötu 19. Sími 1611. — Næturvörður í Laugavegs apóteki og Ingólfs apóteki.

**K. F. U. M.**

Aðalfundur á morgun. Dagskrá samkvæmt félagslögum.

---

## Bæjarfréttir

**Veðrið í morgun:**

Í Reykjavík 9 stig, Bolungarvík 9, Akureyri 8, Skálanesi 4, Vestmannaeyjum 7, Hellissandi 7, Hesteyri 6, Kjörvogi 6, Blönduósi 8, Siglunesi 5, Grímsey 4, Raufarhöfn 4, Skálum 4, Fagradal 4, Papey 6, Hólum í Hornafirði 7, Fagurhólsmýri 7, Reykjanesi 8. — Mestur hiti hér í gær 10 stig, minstur 4. Úrkoma 3.6 mm. Sólskin 2.3 st. — **Yfirlit:** Lægð fyrir vestan land á hægri hreyfingu. — **Horfur:** Suðvesturland, Faxaflói, Breiðafjörður, Vestfirðir, Norðurland: Suðvestan og sunnan kaldi. Smáskúrir. Norðausturland, Austfirðir: Suðvestan gola eða kaldi. Léttir til. Suðausturland: Suðvestan gola. Skúrir.

**Skipafregnir.**

Gullfoss er í Kaupmannahöfn. Goðafoss er í Grimsby. Brúarfoss og Lagarfoss eru í Reykjavík. Dettifoss fer vestur og norður í kveld. Selfoss fór frá London í fyrrinótt. Súðin var á Borðeyri í gærkveldi, en Esja á Norðfirði. Kolaskip kom til Gasstöðvarinnar í morgun. Gulltoppur kom af veiðum í morgun með 80 tn. lifrar. Laxfoss fer til Breiðafjarðar í kveld.

**Dettifoss**

fer kl. 11 í kveld (ekki kl. 10).

**Hjónaefni.**

Á sumardaginn fyrsta opinberuðu trúlofun sína ungfrú Margrét Bjarnadóttir Hávallagötu 25 og Björn Dúason frá Siglufirði.

**Leiðrétting.**

Í auglýsingu um sundmót Sundfélagsins Ægir, sem birtist hér í blaðinu í gær, stóð „allir bestu sundmenn bæjarins“, átti að vera „allir bestu sundmenn félagsins“.

**Veslunarmannafélag Reykjavíkur**

hefir fund í Kaupþingssalnum í kveld. Lyftan í gangi kl. 8¼—9. Sjá augl.

**Kantötukór Akureyrar**

söng í gærkveldi í Gamla Bió fyrir fullu húsi. Grein um hljómleikana eftir B. A. birtist í blaðinu á morgun. Annar samsöngur kórsins verður í kveld og eru aðgöngumiðar uppseldir. — Þriðji samsöngur kórsins verður annað kveld.

**Kristniboðsfélag kvenna.**

Fundur á morgun kl. 4½.

**Stækkun útvarpsstöðvarinnar.**

Með Brúarfossi síðast kom hingað til lands maður að nafni Mockford, frá Marconi-félaginu í London, til þess að semja um orkuaukningu útvarpsstöðvar Ríkis-útvarpsins og endurvarpsstöð á Austurlandi. Stækkun stöðvarinnar hefir verið á döfinni síðastliðin tvö ár, og hefir legið fyrir heimild Alþingis til stækkunarinnar. Og þar sem mjög aðkallandi ástæður, vegna vaxandi truflana frá erlendum stöðvum, og vegna þeirrar hættu, að Ríkisútvarpið missi rétt til notkunar langrar öldulengdar, er þeim málum verður skipað að nýju á ráðstefnu, sem haldin verður í Cairó á næsta ári, ákvað ríkisstjórnin 8. þ. m. að hefja samninga við Marconi-félagið um orkuaukningu stöðvarinnar, úr 16 í 100 kílówött, og var ósk borin fram um það við félagið, að það sendi hingað mann til samningsgerðar. Hr. Mockford gengur næstur aðalframkvæmdarstjóra Marconifélagsins og standa samningar nú yfir milli hans annarsvegar og útvarpsstjóra og verkfræðings útvarpsins hinsvegar. — Verður síðar nánar greint frá úrslitum þeirra samninga. FÚ.

Fiskmarkaðurinn í Grimsby

þriðjudag 27. apríl: Besti sólkoli 58 sh. pr. box, rauðspetta 44 sh. pr. box, stór ýsa 19 sh. pr. box, miðlungs ýsa 18 s. pr. box, frálagður þorskur 14 sh. pr. 20 stk., stór þorskur 4 sh. pr. box, smáþorskur 4 sh. pr. box. (Tilk. frá Fiskimálanefnd. FB.

---


filmfoto

aðeins Loftur.


---

**Verðlaunasamkeppni Vísis**

laugardaginn 24. apríl 1937.

**Ráðning.**

1. ------------------------------
2. ------------------------------
3. ------------------------------
4. ------------------------------
5. ------------------------------
6. ------------------------------

**Best tilbúnu auglýsingarnar eru, að mínum dómi:**

1. ------------------------------
2. ------------------------------
3. ------------------------------

**Ath. Þetta verður að útfylla, annars er ráðningin ekki tekin gild.**

Nafn ------------------------------

Heimili ------------------------------

**Öllum er heimil þátttaka.**

---

# Spánn í dauðateygjunum.

### Eftir Winston Churchill.



**Enski stjórnmálamaðurinn Winston Churchill hefir nýlega ritað grein þá, sem hér fer á eftir, um styrjöldina á Spáni.**

**Churchill er mikill andstæðingur þess, að erlendar þjóðir taki þátt í stríðinu, en er hinsvegar mjög hvetjandi þess, að stórþjóðirnar reyni að koma á samkomulagi til að binda enda á borgarastyrjöldina.**

Alvara hins spænska borgarastríðs verður ekki minni, eftir því sem lengra líður og ekki minka heldur áhrif stríðsins í Evrópu. Það er sérstaklega bagalegt fyrir Franco, að stríðið skuli dragast svo sem það gerir.

Hættan, sem vofir yfir og margar skyssur, sem komið hafa fyrir, hefir knúð ýmsa lausa hópa innan kommúnista, sósíalista og stjórnleysingja, sem fylgja Valencia-stjórninni, til hlýðni við hervaldið og hernaðarlegan aga. Þannig eru æfðir stórir flokkar, sem eru tilbúnir til að taka á sig þunga árásanna. Í hinni svonefndu alþjóðahersveit, sem telur byltingagjörnustu menn í Evrópu til meðlima sinna, eru ca. 25.000 menn, sem ráða yfir sterkum, rússneskum brynvögnum og flugvélum, og þessi hersveit hefir sigrað a. m. k. jafnstóran flokk reglulegra liðsveita frá Ítalíu.

Þetta einbeitta svar við afskiftum Ítala hefir ekki valdið óánægju meðal þýskra hermanna, sem aldrei hafa haft sérlega háar hugmyndir um hermensku Ítala og hefir hinn gamli vafi um gildi hernaðarsambands við Ítalíu, ekki einungis vaknað aftur, heldur margfaldast.

*

Stefna Hitlers hefir og rekið sig alvarlega á. Hitler óskaði innilega eftir að fá að reyna hina þýsku krafta á spænskum vígvelli, en herforingjar hans stóðu því öndverðir. Síðustu mánuðina hefir herstjórnin þýska staðið ákveðin gegn ólöglegri aukningu á afskiftum af Spánarstríðinu. Þjóðverjar óska ekki eftir að synir landsins berjist í stríði, sem ekki kemur landinu við, hversu viljugir sem synirnir sjálfir eru.

Þrátt fyrir alt það stefnuleysi og hégóma, sem hefir leitt mikla gagnrýni yfir hlutleysisnefnd Mr. Edens, þá hefir hún tvímælalaust gert mikið að því, að minka erlend afskifti og haldið uppi raunverulegri samvinnu milli þjóða, sem stóðu á öndverðum meiði.

*

Bretland hefir gert rétt í að halda sér hlutlausu og hafa taumhald á Frökkum.

Þrátt fyrir hlutleysið er það skylda vor, að reyna að halda ógnum stríðsins sem mest niðri, og reyna að sjá til þess, að sem fæstir berjist og láti lífið aðrir en þá Spánverjar sjálfir.

Því fer ver, að spánskt blóð heldur áfram að fljóta í stríðum straumum og það langt aftan við víglínurnar. Nýleg fregn í Times sýnir, að morð og illvirki, sem lenda á saklausu fólki, geisa stöðugt í Barcelona og eru framin af kommúnistum og stjórnleysingjum. Yeats Brown, majór, sem er frægur fyrir sögu sína „Synir Englands“ og er mjög áreiðanlegur maður, lýsir atburðunum frá hinum rauðu ógnum í Malaga, þar sem 10.000 menn og konur létu lífið. Líkin af gíslunum, sem voru bundnir, og rekur upp á strönd Frakklands, sýna frönsku þjóðinni áþreifanlega ógnirnar. Það er enginn efi á, að Franco hefir endurgoldið ógnirnar. En á stórum svæðum, þar sem Franco ræður, ríkir friður og regla og landbúnaður og iðnaður er starfræktur eins og venjulega, samgöngur í fullkomnu lagi og matvæli til sölu á frjálsum markaði. Þetta er þó aðeins á yfirborðinu, því hver minsta tilraun til mótþróa er undireins bæld niður með valdi.

Hve lengi mun þetta dauðastríð standa?

Svo sýnist, sem Franco sé enn ofan á, en menn undrast, að hann skuli ekki hafa getað teflt fram fleiri æfðum hermönnum en hann hefir gert. Það hefir áreiðanlega verið kórvilla, að láta ítalskar hersveitir bera aðalþungann í árásinni á Madrid og það er ekki hægt að gera ráð fyrir að svo hefði verið gert, ef nægir spænskir hermenn hefðu verið til. Það er áreiðanlegt, að ef Franco vinnur kemur ekki til neins áreksturs milli hans og Breta í Miðjarðarhafi. Hann mun þá hafa nóg að gera við innanlandsmálin. Þýskaland og Ítalía mundu ekki hafa mikið að segja á Spáni eftir stríðslokin. Það er sennilegt, að það litla þakklæti, sem heimurinn fengi þá að sjá frá Spánverja hálfu til þessara þjóða, hafi gagnleg áhrif í för með sér.

En ef stjórnleysingjarnir og Trotsky-istarnir, sem Largo Caballero hefir árangurslaust reynt að halda í hemlum, skyldu sigra, mundi það hafa í för með sér stétta- og flokkahatur í landinu, sem í framtíðinni mundi valda óeirðum og tjóni.

Með tilliti til þess erum vér samþykkir gerðum ríkisstjórnar vorrar. Það er vert að taka eftir því, að bresk, þýsk, frönsk og ítölsk skip vinna saman um einskonar hafnbann og fulltrúar þessara þjóða sitja saman við eitt borð í Whitehall þótt sendiherrar þeirra sendi jafnframt hvor öðrum tóninn. Þetta gefur nokkra von um framtíðina og spurningin er hvort þessi ríki eigi ekki einn góðan veðurdag að taka sameiginlega í taumana og stofnsetja einskonar millistjórn á Spáni, sem geti komið í veg fyrir sigur hvors aðilja um sig og ef nauðsynlegt er, að reyna þá að koma á sambræðslustjórn sem gæti veitt hinni þjökuðu þjóð frið, brauð og ró til að gleyma liðnum hörmungum.

Ef hægt væri að koma slíkri málamiðlun á, mundi það ekki aðeins verða til blessunar fyrir Spán, heldur og allan heiminn.